

Nr. 17.  
11. júlí.

## Lög

um

### vitagjald.

**Vjer Frederik hinn Áttundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

#### 1. gr.

Fyrir hvert skip, sem hefur fullkomið þilfar eða gangvjel, og tekur höfn á Íslandi, eða haldið er út frá landinu, skal greiða vitagjald, 25 aura af hverri smálest af rúmmáli skipsins, þannig að hálf smálest, eða þar yfir, telst sem heil, en minna broti sje slept. Herskip eru undanþegin gjaldi þessu.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það int af hendi á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land. Skip, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga, eða haldið er út til fiskjar hjer við land og aldrei fara utan á veiðitím-anum, greiða vitagjaldið einu sinni á ári, þó aldrei minna en 4 krónur. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans þar sem skipið er skrásett.

Ráðherra Íslands hefur heimild til að semja við stjórnir annarra ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gerð út til fiskiveiða hjer við land.

#### 2. gr.

Vitagjaldið rennur í landssjóð. Lögreglustjóri eða sá maður, sem hefur á hendi afgreiðslu útlendra skipa á staðnum (hrepstjóri eða umboðsmaður sýslumanns), skal innheimta gjaldið. Þegar vitagjald af útlendum fiskiskipum er innheimt af umboðsmanni lögreglustjóra á stöðum, þar sem lögreglustjóri er ekki búsettur, ber innheimtumannni 20 % af gjaldinu.

Sömu innheimtulaun hafa þeir lögreglustjórar, sem nú eru í embættum, meðan þeir hafa innheimtuna á hendi.

Skyldur er skipstjóri að sýna lögreglustjóra eða umboðsmanni hans dagbók skipsins.

#### 3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða skipstjóra 10—200 kr. sektum til landssjóðs, að svo miklu leyti sem atferli hans á ekki að sæta þyngri hegningu.

Með mál út af brotum gegn þeim skal fara sem almenn lögreglumál.

Nr. 17. Lög 11. júlí um vitagjald.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# LOV

**Nr. 17.**  
11. Juli.

om

## Fyrafgift.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark,  
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,  
Lauenborg og Oldenburg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

### § 1.

Ethvert Skib med Heldæk eller Maskine, der gaar i Havn paa Island eller udredes fra Landet, skal erlægge i Fyrafgift 25 Øre pr. Ton af Skibets Drægtighed saaledes, at et halvt Ton, eller derover, beregnes som helt, men en mindre Brøkdæl bortfalder. Orlogsskibe ere fritagne for Afgiften.

Fyrafgift skal erlægges, hver Gang et Skib kommer fra et Sted uden for Landet i den første Havn, det anløber. Skibe, der alene anvendes i den indenlandske Fart, saavel som Fiskerfartøjer, der aldrig sejle til Udlandet i Fiskeritiden, erlægge Afgiften kun en Gang om Aaret, dog aldrig under 4 Kr. Aarsafgiften erlægges i Fiskersæsonens Begyndelse der, hvor Skibet er registreret.

Islands Minister bemyndiges til at træffe Overenskomst med fremmede Magter om Erlæggelse af Fyrafgiften for de derfra til Fiskeri under Island udrustede Skibe.

### § 2.

Fyrafgiften tilfalder Landskassen. Politimesteren eller den Mand paa Stedet (Repstyrer eller Syssemandens befuldmægtigede), hvem Klareringen af udenlandske Skibe paa hviler, opkræver Afgiften. Naar Fyrafgift af udenlandske Fiskerfartøjer opkræves af Politimesterens befuldmægtigede paa Steder, hvor denne ikke er bosat, erhoder Inkassator 20 pCt. af Afgiften.

Samme Gebyr tilfalder de Politimestre, der nu ere i Embede, saalænge Opkrævningen af Afgiften paa hviler dem.

Skibsføreren er pligtig at forevise Skibsjournalen for Politimesteren eller hans befuldmægtigede.

### § 3.

For Overtrædelse af denne Lov straffes Skibsføreren med Bøder til Landskassen af 10—200 Kr., for saa vidt hans Forhold ikke medfører højere Straf.

Sager i Anledning af en saadan Overtrædelse behandles som offentlige Politisager.  
Nr. 17. Lov af 11. Juli om Fyrafgift.

Nr. 17.  
11. júlí.

4. gr.

Hjer með eru úr gildi numin lög 16. nóvbr. 1907, um vitagjald af skipum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 11. júlí 1911.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

---

***Kristján Jónsson.***

## § 4.

Lov om Fyrafgift af Skibe af 16. November 1907 ophæves.

Nr. 17.  
11. Juli.

## § 5.

Denne Lov træder i Kraft den 1. Januar 1912.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 11. Juli 1911.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

---

***Kristján Jónsson.***

**Islands Ministerium, den 11. Juli 1911.**

***Kristján Jónsson.***

---

*Jon Krabbe.*